

Ed.

951. Nefndarálit

[405. mál]

um frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið á sinn fund Ólaf Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu, og Magnús Jóhannesson siglingamálastjóra.

Breytingartillögur þær, sem nefndin flytur, varða einungis að litlu leyti efnisatriði frumvarpsins og eru fyrst og fremst gerðar til að auðvelda framkvæmd þess eftirlits sem frumvarpið fjallar um.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. mars 1987.

Egill Jónsson,
form.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.

Valdimar Indriðason,
frsm.

Skúli Alexandersson.

Jón Kristjánsson.

Kolbrún Jónsdóttir.

Árni Johnsen.